

**Nd.**

**431. Nefndarálit**

[7. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál, sem komið er frá Ed., á nokkrum fundum, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn, fulltrúar stjórnarflokkanna, leggur til að frv. verði samþykkt, en þar munu þó vera fyrirvarar á, enda mun formaður nefndarinnar flytja breytingartillögur.

Minni hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, getur ekki stutt frumvarpið óbreytt. Einkum eru athugasemdir gerðar við hæpna ráðstöfun fjár samkv. b-lið 3. gr. frv.

Þá er lögð áhersla á að það fjármagn, sem ætlað er til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði, verði afgreitt í stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands, enda þar sérstök deild til að sinna því verkefni, stofnuð 8. júní 1978.

Einnig er eðlilegt, að það fjármagn, sem ætlað er í því augnamiði að hætta rekstri úreltra og gamalla skipa, verði afgreitt í gegnum Aldurslagasjóð fiskiskipa, sbr. lög um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og eðlilegt að stjórn þess sjóðs fjalli endanlega um úthlutun þessa fjármagns.

Minni hlutinn mun taka afstöðu til breytingartillagna, sem væntanlega verða fluttar og ganga í framangreinda átt, svo og annarra tillagna sem fluttar kunna að verða.

Alþingi, 7. mars 1979.

Ólafur G. Einarsson,  
frsm.

Matthías Á. Mathiesen.